

Vandi er um slíkt að spá: Kosningasjónhverfingar í Bandaríkjunum og Kamala

Það er svo sannarlega vandi að spá um framtíðina. Á því Herrans ári 2020, þegar síðustu kosningar áttu sér stað í sjónhverfingalýðræði Bandaríkjamanna, átti ég von á því, að Kamala Devi Harris yrði látin taka við af ellihrumum Joseph Biden, áður en tímabil hans rynni út. Ég reyndist ekki alveg sannspár.

Val Kamala til varaforsetaembættis var greinileg eins konar sárabót fyrir tap Hillary Clinton gegn Donald Trump. Fáir eru betri fulltrúar fyrir eymdar- (wokeism) og stríðshyggju en einmitt hún. En Kamala kemst engu að síður með tærnar, þar sem kynsystir hennar hefur hælana í því efni.

Og svo er Kamala líka á bólakafi í siðleysisspillingu forystumanna Lýðræðisflokksins (Demókrata) og stundar hugtakasjónhverfingar. Nú er Kamala t.d. orðin blökk kona.

Blakki liturinn þykir eftirsóknarverður, enda þótt Barrack Obama væri bara jarpur á hörund. Enn skal ríða á eymdarhyggjubylgju samskipunarkven- og kynfrelsunar (intersectional feminism og Diversity-equity-inclusion) í dularbúningi mannréttinda.

Því er heppilegt, að næsti forseti verði blökk kona eins og sjálfur Jesús Kristur (samkvæmt fræðum þeirra). Hæfileikar skipta litlu máli. Búktalarinn sér um stjórn málin.

Fyrir fjórum árum skrifað ég pistilinn; Kamala Devi Harris – næsti forseti Bandaríkja Norður-Ameríku. Efnið hefur ekki úrelst:

„Nú er tilefni til að óska landsmönnum Bandaríkja Norður-Ameríku og veraldarinnar allrar til hamingju með nýjan forseta, Kamala Harris (f. 1964). Og hver skyldi þessi kona vera, varaforseti að nafninu til, sem skýtur Geraldine Anne Ferraro (1935-2011), varaforsetaefni Walter Mondale, og Sarah Louise Palin (f. 1964), varaforsetaefni John McCain, ref fyrir rass, meðan Hillary Clinton situr eftir með sárt ennið. Þessi grein BBC veitir nokkra innsýn.

Kamala Harris er lögfræðingur. Hún þjónaði sem slíkur við saksóknaraembættin í San Franscisco. Hún var kosin ríkissaksóknari (attorney general) Kaliforníu 2010, endurkjörin 2014. Tveim árum síðar var hún kosin til alríkisþingsins. Kamala er önnur konan af afrískum uppruna á alríkisþinginu, sú fyrsta, sem auk þess hefur indverskt blóð í æðum.

Faðir Kamala er kynblendingur frá Jamica (blakk- og bleikskinna), en móðirin er Indverji (þar um slóðir er alls konar litarhaft áberandi). Foreldrar hennar eru

háskólamenntaðir, afi hennar indverskur stjórnarereindreki. Kamala er fædd með silfurskeið í munni.

Kamala kleif furðufljótt upp virðingarstigann. Mér er ekki örgrannt um, að kyntöfrar hennar og litarhaft hafi skipt verulegu máli í því sambandi. Hún átti nefnilega vingott við forseta þingsins í Kaliforníu, Willie Brown (þrjátíu árum eldri), og þáði tæplega þrítug feit embætti fyrir tilstuðlan viðhaldsins. Þetta var einu sinni kallað „að ríða upp á topp“ (sleeping her way to the top) og felur í sér auðsæja kynferðislega misnotkun á karlhrói.

Kanadíski enskuprófessorinn og samfélagsrýnirinn, Janice Fiamengo, er ekki í vafa. „Staðreyndin er sú ... að Kamala Harris misbeitti kynvaldi sínu, þáði stöðuveitingar, sem hún fullvel vissi, að hún átti ekki skilið. [Þar með] naut hún kynforréttinda sinna. Slíkur skortur á siðvendni mun spilla opinberu lífi, þar til konur og karlar sjá til þess, að hlutaðeigandi verði knúinn til að taka ábyrgð á gerðum sínum.“

Eins og títt er í herbúðum lýðræðissinna (democrat) er Kamala kvenfrelisari. Svo mælti hún: „Fari svo, að ég-líka samtalinu [byltingunni samkvæmt RÚV] ljúki, án lagabreytinga, höfum við ekki einungis brugðist hinum hugrökku konum, sem stigu á stökk, heldur einnig næstu kynslóð kvenna, sem hreiðrar um sig á vinnustöðunum.“

„Hún [Kamala] hefur mikið og trúarkennt dálæti á ásökunum um kynþáttahatur og kynfólksku. Hún er einnig ákafur talsmaður „ég-líka“ hreyfingarinnar, kvenfrelisari, sem ævinlega hefur lagt trúnað á framburð sjálfsskilgreindra fórnarlamba (survivor), þar með taldar þær konur, sem staðhæfa, að Joe Biden hafi snert þær með óviðeigandi hætti.“ (Janice Fiamengo)

Það gerði hins vegar ekki Alyssa Milano, sem ýtti hreyfingunni úr vör, enda fetar hún sömu slóð og kynsystirin, Kamala. Svo gæti farið, að báðar enduðu í bóli Biden (sleeping with the enemy). Þá nokkur orð um nýja forsetann (að nafninu til).

Joseph Robinette Biden Jr. (f. 1942) er lögfræðingur eins og Kamala, varaforseti BNA frá 2009 til 2017. Meðal afreka hans á þingi er löggjöf um ofbeldi gegn konum (Violence Against Woman Act). Hann vann náíð með samtökum kvenfrelisara, sem sjálfir segjast hafa samið löggjöfina og taka því heiðurinn. Löggjöfin var samþykkt 1984, fyrirboði samþykktar Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum. Íslendingar eru bundnir af þessari samþykkt. Engin löggjöf um ofbeldi gegn körlum hefur enn séð dagsins ljós. (Sjálfur var Joe barinn eins og harðfiskur af systur sinni í uppeldinu og bannað að spyrna gegn.) Joe er ákafur talsmaður sýndardómstólanna

við háskólana í BNA, þar sem karlmenn tapa ærunni uppvörpum og eru „dæmdir“ til brottvísunar úr skóla fyrir kynferðislega áreitni af ýmsu tagi.

Joe er skiljanlega í sérstöku uppáhaldi hjá baráttusamtökum fyrir réttindum samkynhneigðra karla og kvenna (lesbian, gay), tvíkynhneigðra (LGBTQ) og kynskiptafólks, sem lýst hafa stuðningi við framboð hans til forseta BNA. Samtökin ku einkum berjast fyrir að viðhalda réttindum félagsmanna og auka þau, sér í lagi með tilliti til hjúskapar. Einnig er barist fyrir löggjöf gegn mismunun og hatursglæpum. (Eftir því sem ég best veit er slík löggjöf þegar í gildi í BNA.) Joe lýsir sér sem „snertingastjórnámálamanni“ (tactile politician).

Það er fátt fast í hendi aðlútandi stefnu Kamala, nema það, að hún ætlar að efla almannatryggingar (Obama-care), greiða götu kvenna til hershöfðingjatignar og greiða fórnarlömbum karla sjúkraleysi í sex mánuði, auðvelda fóstureyðingar, kvenréttindavæða löggjöf enn frekar, veita flóttamönnum ríkisborgarétt, breyta hegningarlöggjöfinni þannig, að ólöglegum innflytjendum verði ekki refsað, veita þeim heilbrigðisþjónustu og banna árásvopn. Svo vill hún bæta umhverfið og leyfa kannabis og auka skatta á þá, sem eru betur efnum búnir en þeir fátækustu, þ.e. skatt í þrepum. Reyndar vill hún bæta um betur og brúa launagjá kynjanna, sem hún greinilega heldur að sé til staðar. Kamala er eftir öllum sólarmerkjum að dæma kvenfrelsunarlýðskrumari, sem skírskotar til allra, sem telja sig eiga bág. Það er samskipunarkvenfrelsun (intersectional feminism).

Landamæralögreglunni hefur hún líkt við kynþáttahaturssamtökin, Ku Klux Klan. Það er grunnt á stórmennskubrjálæðinu; kosningarnar í BNA, segir hún, snúast um „siðferðilega forustu“ á gervöllum hnettinum. (Hún hlýtur þá að ná til Íslands einnig – eða hvað?)

Út úr Hvíta húsinu gengur einn kynþrjútur, inn ganga tveir. Tími Kamala er kominn (en Jóhönnu farinn). Kvenfrelsunartvenna ræður nú mestu um stjórn BNA og eftir atvikum SP (í reynd).“

<https://frettin.is/2022/11/10/leynithraedir-og-leyndarlif-audkyfinganna-1-kapituli/>

<https://frettin.is/2022/11/23/leynithraedir-og-leyndarlif-audkyfinganna-2-kapituli/>

<https://frettin.is/2022/11/28/leynithraedir-og-leyndarlif-audkyfinganna-3-kapituli/>

<https://frettin.is/2022/12/01/leynithraedir-og-leyndarlif-audkyfinganna-4-kapituli/>

<https://www.bbc.com/news/election-us-2020-53770654>

<https://expose-news.com/2024/08/09/kamala-harris-carreer-of-chaos-vs-trump/>

<https://rumble.com/v5a3q1h-kamala-harris-pizzagate-crimes-exposed-as-her-dad-reveals-shameful-history.html>